

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

1

13. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að útsvör hafi eigi verið álögð í Ólafsvíkurbreppi á árinu 1959, en hreppurinn geti eigi verið án þeirra tekna. Skýr ákvæði séu ekki í gildandi lögum, sem heimili ráðuneytinu, nú eftir árslok, að veita samþykki til álagningar útsvara fyrir árið 1959. Brýna nauðsyn beri því til að breyta ákvæðum 21. gr. útsvarslaga þannig, að heimild ráðuneytisins til þess að samþykkja niðurjöfnun útsvara, sem farizt hefur fyrir á lögmaetum tíma, nái einnig til útsvarsálagningar, þó að hún fari eigi fram fyrr en eftir árslok.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Orðin „á árinu“ í 21. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

Stjórnartíðindi 1960, A. 2.

L Ö G

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

2

29. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum þar til frumvarp það um aðgerðir í efnahagsmálum, er ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi næstu daga, hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. janúar 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

A 1